

# Minnisblað

Til: Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar  
Frá: Margréti Geirsdóttur og Sædísí Maríu Jónatansdóttur  
Dags. 4. september 2018  
Mnr. 2011120059



ÍSAFJARÐARBÆR

---

Ísafjarðarbær á nú 25 leiguíbúðir á Hlíf 1, en 5 íbúðir eru í eigu einstaklinga. Gert hefur verið ráð fyrir endurnýjun á 2-3 íbúðum á ári, en á árinu 2016 var gert ráð fyrir endurnýjun á 4-5 íbúðum, enda lá fyrir að við opnun hjúkrunarheimilisins Eyrar myndi koma meiri hreyfing á leiguíbúðum á Hlíf. Síðustu árin hefur verið gert átak í að endurnýja leiguíbúðirnar á Hlíf 1. Innréttingar voru komnar til ára sinna en núna eru 8 íbúðir með upprunalegum innréttingum.

Á árinu 2018 var gert ráð fyrir því að 2-3 íbúðir yrðu endurnýjaðar á Hlíf 1, en á árinu er búið að endurnýja tvær íbúðir. Eins og gengur er síðan alltaf smávægilegt ófyrirséð viðhald.

Eldhúsinnréttingar í tveimur íbúðum, sem eru nú þegar í útleigu, hafa verið dæmdar ónýtar. Áætlað er að það kosti um 700 þúsund krónur að endurnýja eldhúsinnréttingar í einni íbúð, með vinnu. Alls kr. 1,4 milljónir.

Nú í byrjun september er verið að skila inn tveimur íbúðum, einni hjónaíbúð og einni einstaklingsíbúð. Þær eru báðar með upprunalegum innréttingum. Áætlað er að það kosti um þrjár milljónir að endurgera eina íbúð, þ.e. baðherbergi, eldhús og gólfefni.

Heildarkostnaður vegna nauðsynlegra framkvæmda við íbúðir, samkvæmt ofanrituðu, er áætlaður kr. 7,4 milljónir. Í fjárhagsáætlun ársins 2018 eru eftirstöðvar af framkvæmdafé kr. 2,2 milljónir. Því er óskað eftir því við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hún samþykki aukafjárveitingu að upphæð kr. 5,2 milljónir vegna nauðsynlegs viðhalds og endurnýjunar á íbúðum á Hlíf 1.

---

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

Sædís María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu